

# Hlutverk umsjónarkennara

Hlutur umsjónarkennara er mjög mikilvægur í öllu skólastarfi. Umsjónarkennari er mikilvægur tengiliður heimilis og skóla. Hann þarf að mynda trúnaðartengsl við nemendur og fylgjast vel með andlegri og félagslegri líðan þeirra, auk námsframvindu hvers og eins.

Markmið umsjónarkennslu er:

- að styrkja samband nemenda við skólann, m.a. með því að efla tengsl þeirra innbyrðis og stuðla að gagnkvæmu trausti nemenda og umsjónarkennara
- að styrkja sjálfsmýnd nemenda, draga úr kvíða og öryggisleysi og bæta þar með líðan þeirra og námsárangur
- að auka metnað nemenda með því að hjálpa þeim við að kynnast sjálfum sér og aðstoða þá við að ná þeim markmiðum sem þeir hafa sett sér
- að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með heildarhagsmunum nemenda í huga.

Hlutverk umsjónarkennara:

- Hann er trúnaðarmaður sem nemendur geta leitað til með vandamál sem snúa að náminu, skólanum og öðru. Hann leysir á eigin spýtur smærri vandamál en leitar samráðs um önnur eða kemur þeim í farveg.
- Hann er talsmaður nemenda við yfirstjórn skólans, aðra kennara og nemendaverndarráð.
- Hann er upplýsingaaðili sem á að miðla til nemenda upplýsingum um skólareglur, nám, námstilhögun og annað það sem þörf er á. Hann hefur samband við foreldra umsjónarnemenda sinna eftir því sem þörf er á.
- Hann gegnir eftirlitshlutverki, fylgist sem best með framgangi náms og líðan hjá nemendum í umsjónarþekki og grípur inn í ef stefnir í ófni hjá einhverjum.
- Hann annast skýrslugerð, einkunnafræslur og afhendingu einkunna.
- Hann er með viðtalstíma

